

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum  
um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota  
umbúða fyrir drykkjarvörur (EES-reglur o.fl.).

Frá umhverfis- og auðlindaráðherra.

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Við bætast fjórar nýjar skilgreiningar, í viðeigandi stafrófsröð, svohljóðandi:
  1. *Dreifingaraðili*: Einstaklingur eða lögaðili sem býður raf- og rafeindatæki fram á markaði. Jafnframt getur dreifingaraðili talist vera framleiðandi samkvæmt skilgreiningu á framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja.
  2. *Endurvinnsla skipa*: Starfsemi í skipaendurvinnslustöð sem miðar að sundurhlutun skipa, algerrí eða að hluta til, til að endurheimta efnisþætti og efni til uppvinnslu, til undirbúnings fyrir endurnotkun eða til endurnotkunar, um leið og séð er til þess að haldið sé utan um efni, bæði hættuleg og önnur, og felur jafnframt í sér ýmsa tengda starfsemi, svo sem geymslu og meðhöndlun efnisþátta og efna á staðnum, en ekki frekari vinnslu þeirra eða förgun í aðskilinni aðstöðu.
  3. Miðlari úrgangs: Hvert það fyrirtæki sem sér um endurnýtingu eða förgun úrgangs fyrir hönd annarra, þ.m.t. miðlarar sem taka ekki slíkan úrgang í vörslu sína.
  4. Seljandi úrgangs: Hvert það fyrirtæki sem á eigin ábyrgð kaupir úrgang og selur hann síðan aftur, þ.m.t. þeir seljendur sem taka ekki úrganginn í vörslu sína.
- b. Skilgreiningin *Framleiðandi og innflytjandi raf- og rafeindatækja* orðast svo: aðili sem,
  - i. framleiðir raf- og rafeindatæki undir eigin heiti eða vörumerki eða lætur hanna eða framleiða raf- og rafeindatæki og markaðssetur undir eigin heiti eða vörumerki, í því ríki þar sem hann hefur starfsstöð,
  - ii. endurselur raf- og rafeindatæki undir eigin heiti eða vörumerki, sem aðrir birgjar framleiða í því ríki þar sem hann hefur starfsstöð; endursöluaðili telst þó ekki vera framleiðandi ef vörumerki framleiðandans er á tækjabúnaðinum eins og kveðið er á um í i. lið,
  - iii. setur raf- og rafeindatæki frá öðru ríki á markað í atvinnuskyni í því ríki þar sem hann hefur starfsstöð,

- iv. selur raf- og rafeindatæki með fjarsamskiptamiðlum beint til notenda yfir landamæri, eða
- v. flytur raf- og rafeindatæki inn eða út úr landinu í atvinnuskyni.
- c. Skilgreiningin *Rekstrarúrgangur* orðast svo: úrgangur frá framleiðslu, þjónustu, verslun og öðrum rekstri, annar en heimilisúrgangur.

## 2. gr.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarstjórn skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um útgáfu og veigamiklar endurskoðanir á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á því formi sem stofnunin leggur til.

## 3. gr.

Á eftir 1. mgr. 9. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Skyldur framleiðanda úrgangs eða handhafa úrgangs til að endurnýta eða farga úrgangi falla að jafnaði ekki niður þó að úrgangur hafi verið fluttur til opinberra aðila eða einkaaðila.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 19. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „uppruna“ í 2. másl. kemur: eftir atvinnugreinaflokkum og sveitarfélögum.
- b. Í stað 6. másl. koma þrjár nýir máslíðir, svohljóðandi: Umhverfisstofnun skal tryggja að birtar séu á vefnum tölulegar upplýsingar fyrir landið í heild sem byggjast á skýrslum rekstraraðila til að uppfylla alþjóðlega samninga. Jafnframt skal Umhverfisstofnun annast öflun og miðlun upplýsinga um tegundir úrgangs og magn, uppruna og ráðstöfun úrgangs eftir sveitarfélögum. Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta gjald fyrir vinnslu tölulegra upplýsinga sem byggjast á skýrslum rekstraraðila fyrir einstök sveitarfélög.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „fræða almenning um“ í 1. mgr. kemur: úrgangsforvarnir og.
- b. Á eftir orðunum „gerð upplýsingaefnis um“ í 2. mgr. kemur: úrgangsforvarnir og.

## 6. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. mgr. 26. gr. laganna kemur: úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

- a. 4. másl. fellur brott.
- b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
 

Til að tryggja yfirsýn og framkvæmd laga þessara og reglugerða um flutning úrgangs milli landa skal Umhverfisstofnun útbúa eftirlitsáætlun til þriggja ára í senn. Ákvæði upplýsingalaga og laga um upplýsingarétt um umhverfismál taka ekki til eftirlitsáætlunarinnar fyrr en að loknum gildistíma hennar.

Um eftirlit, sýnatöku, skilgreiningu eftirlitsferða og skoðana og eftirlitsáætlanir skal kveða nánar á í reglugerð.

## 8. gr.

Á eftir 2. másl. 1. mgr. 31. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Umhverfisstofnun er heimilt að stöðva flutning úrgangs milli landa þegar í stað þegar grunur leikur á að flutningur úrgangs uppfylli ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Umhverfisstofnun er heimilt að taka ákvörðun til bráðabirgða um stöðvun flutnings úrgangs í þessum tilvikum án þess að veita aðila andmælarétt, sbr. 13. gr. stjórnssýslulaga, en skal í stað þess veita honum færi á að koma sjónarmiðum sínum að um leið og ákvörðun til bráðabirgða hefur verið tekin. Umhverfisstofnun metur í kjölfarið hvort um ólöglegan flutning úrgangs er að ræða í samræmi við ákvæði þetta þegar allar upplýsingar í málinu liggja fyrir. Leita skal aðstoðar lögreglu ef með þarf við framkvæmd úrræðisins.

## 9. gr.

Á eftir x-lið 43. gr. laganna kemur nýr staflíður, svohljóðandi, og breytist röð liða samkvæmt því: umbúðir og umbúðaúrgang, þ.m.t. um merkingar og auðkenningarkerfi umbúðaefna, kröfur um samsetningu umbúða og möguleika á endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu þeirra, töluleg markmið um úrgangsförvarnir, undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu umbúða og umbúðaúrgangs og töluleg markmið fyrir notkun burðarplastpoka.

## 10. gr.

Á eftir 44. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 44. gr. a og 44. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

## a. (44. gr. a.)

*Móttaka lítilla raf- og rafeindatækja í verslunum.*

Í verslunum þar sem sölusvæði raf- og rafeindatækja er a.m.k. 400 m<sup>2</sup> skal tekið á móti lítlum raf- og rafeindatækjum, með ekkert ytra mál yfir 25 cm, án endurgjalds og skilyrða.

## b. (44. gr. b.)

*Óheimil förgun án viðeigandi meðhöndlunar.*

Allur raf- og rafeindatækjaúrgangur sem er safnað skal meðhöndlaður á viðeigandi hátt í samræmi við gildandi reglur. Óheimilt er að farga söfnuðum raf- og rafeindatækjaúrgangi án viðeigandi meðhöndlunar.

## 11. gr.

Á eftir 2. mgr. 50. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Erlendum framleiðanda raf- og rafeindatækja, sbr. i.–iii. lið skilgreiningar á framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja í 3. gr., er heimilt að tilnefna viðurkenndan fulltrúa sinn hér á landi með skriflegu umboði sem skal vera ábyrgur fyrir því að uppfylla skyldur framleiðandans samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Framleiðandi raf- og rafeindatækja sem selur raf- og rafeindatæki með fjarsamskiptamiðlum beint til notenda í öðru EES-ríki skal tilnefna viðurkenndan fulltrúa í því ríki með skriflegu umboði sem skal vera ábyrgur fyrir því að uppfylla skyldur framleiðandans samkvæmt tilskipun 2012/19/ESB.

## 12. gr.

Orðin „skilakerfa eða“ í 1. másl. 3. mgr. 51. gr. laganna falla brott.

## 13. gr.

Við 53. gr. laganna bætast tveir nýir stafliðir, i- og j-liður, svohljóðandi:

- i. þau raf- og rafeindatæki sem undanþegin eru ákvæðum laga þessara vegna sérstakra aðstæðna,
- j. þær lágmarkskröfur sem gilda við aðgreiningu notaðra raf- og rafeindatækja og raf- og rafeindatækjaúrgangs við flutning úr landi.

## 14. gr.

1. mgr. 56. gr. laganna orðast svo:

Handhafar spilliefna, og seljendur og miðlarar úrgangs ef við á, skulu halda skrár um magn og gerð spilliefna og tilgreina ráðstöfun þeirra.

## 15. gr.

Á eftir XI. kafla laganna kemur nýr kafli, XII. kafli, **Endurvinnsla skipa**, með tveimur nýjum greinum, 64. gr. a og 64. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi, og breytast númer kafla samkvæmt því:

a. (64. gr. a.)

*Útgáfa starfsleyfis.*

Starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla skipa skal hafa gilt starfsleyfi.

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla skipa yfir 500 brúttótonnum. Skal starfsleyfið vera til fimm ára í senn, en að öðru leyti gilda ákvæði 14.–17. gr. um útgáfu starfsleyfa eftir því sem við á.

Umhverfisstofnun samþykkir endurvinnsluáætlanir skipa áður en endurvinnsla hefst.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga veita starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla skipa undir 500 brúttótonnum samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

b. (64. gr. b.)

*Reglugerð og gjaldskrá um endurvinnslu skipa.*

Ráðherra skal, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, setja reglugerð um endurvinnslu skipa og veitingu starfsleyfis. Í reglugerðinni skal m.a. fjallað um til hvaða skipa reglur um endurvinnslu ná, kröfur til eigenda þeirra skipa, endurvinnsluáætlanir skipa, skipaendurvinnslu-stöðvar og aðrar kröfur og skilyrði sem útgefandi telur nauðsynlegar og samrýmast markmiðum reglugerðarinnar, svo sem kröfur um bestu aðgengilegu tækni.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni stofnunarinnar vegna endurvinnslu skipa. Upphæð gjalda skal taka mið af kostnaði við veitta þjónustu og verkefni.

## 16. gr.

7. mgr. 66. gr. laganna fellur brott.

## 17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:  
Stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim eða samþykktu sveitarfélaga sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.
- b. 3. mgr. fellur brott.

## 18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

- a. 5. tölul. orðast svo: Tilskipun 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang sem vísað er til í lið 32fa í XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2015.
- b. 6. tölul. fellur brott.
- c. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB.

## II. KAFLI

**Breyting á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, með síðari breytingum.**

## 19. gr.

4. másl. 1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Til viðbótar skilagjaldi skal með sama hætti taka umsýsluþóknun fyrir hverja umbúðaeiningu úr stáli, áli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 5,50 kr. fyrir umbúðir úr stáli, 0,20 kr. fyrir umbúðir úr áli, 5,30 kr. fyrir umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 3,90 kr. fyrir umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 3,20 kr. fyrir umbúðir úr lituðu plastefni og 1,30 kr. fyrir umbúðir úr ólituðu plastefni.

## 20. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi nema a-liður 4. gr. og b-liður 7. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2018.

Ákvæði 2. mgr. 64. gr. a laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, sbr. 15. gr. laga þessara, fellur úr gildi 31. desember 2018.

## Greinargerð.

**1. Inngangur.**

Frumvarp þetta til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur var áður flutt á 145. löggjafarþingi (670. mál). Frumvarpið var samið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að höfðu samráði við helstu stofnanir ráðuneytisins en auk þess var frumvarpið sett í almennt umsagnarferli í byrjun árs 2016. Meginmarkmið frumvarpsins er að tryggja að lög um meðhöndlun úrgangs samrýmist þeim skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist með EES-samningnum, þ.e. innleiðing EES-gerða og lagfæring á þegar innleiddum EES-gerðum.

Enn fremur eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á sviði úrgangsmála. Fyrst ber að nefna að í frumvarpinu er lagt til að 19. gr. laga um meðhöndlun úrgangs um opinbera birtingu skýrslna rekstraraðila verði lagfærð til að ákvæðið samrýmist samkeppnislögum og til að tryggja ítarlegri

öflun tölfraeðiupplýsinga um úrgangsmál. Í öðru lagi er lagt til að kæruehimild laga um meðhöndlun úrgangs til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála verði lagfærð. Í þriðja lagi er gerð tillaga um að lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, verði breytt til að heimila töku umsýsluþóknunar fyrir ál vegna lækkunar á heimsmarkaðsverði á áli.

## 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Tilefni og nauðsyn frumvarpsins er fyrst og fremst innleiðing gerða sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn. Þetta eru tilskipun 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang, reglugerð (ESB) nr. 660/2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs og innleiðing ákvörðunar 2013/727 um að ákvarða snið til að tilkynna upplýsingar varðandi samþykki og umtalsverðar breytingar á áætlunum um meðhöndlun úrgangs og áætlunum um forvarnir gegn myndun úrgangs. Þá er ætlunin með frumvarpinu að undirbúa innleiðingu á reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa en gert er ráð fyrir að gerðin verði tekin upp í EES-samninginn fljótlega. Að auki hafa nýlegar athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA gefið tilefni til að lagfæra innleiðingu rammatilskipunar 2008/98/EB um úrgang. Þær athugasemdir lutu að skorti á innleiðingu á hugtökunum seljendur og miðlarar úrgangs og ákvæði rammatilskipunarinnar um ábyrgð á úrgangsstjórnun.

Auk annarra minni háttar breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs þykir rétt að lagfæra sérstaklega 19. gr. laganna um skýrslugjöf í tilefni athugasemda sem borist hafa vegna þess. Einnig er kæruehimild laganna lagfærð í samræmi við ábendingar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Að lokum er lögð til breyting á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, til að heimila töku umsýsluþóknunar fyrir ál í ljósi lækkunar á heimsmarkaðsverði á áli og vegna ábendinga Endurvinnslunnar hf. þar um.

## 3. Meginefni frumvarpsins.

Meginefni frumvarps þessa eru eftirfarandi níu atriði og verður vikið að hverju og einu þeirra í sérstökum köflum hér á eftir.

1. Innleiðing tilskipunar 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang.
2. Undirbúningur fyrir innleiðingu reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa.
3. Innleiðing reglugerðar (ESB) nr. 660/2014 um flutning úrgangs.
4. Innleiðing á ákvörðun 2013/727/ESB um að ákvarða snið til að tilkynna upplýsingar varðandi samþykki og umtalsverðar breytingar á áætlunum um meðhöndlun úrgangs og áætlunum um forvarnir gegn myndun úrgangs.
5. Lagfæring á innleiðingu rammatilskipunar 2008/98/EB um úrgang.
6. Lagfæringar á 19. gr. laga um meðhöndlun úrgangs vegna opinberrar birtingar á skýrslum rekstraraðila og til að tryggja ítarlegri öflun tölfraeðiupplýsinga um úrgangsmál.
7. Kæruehimild til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála lagfærð.
8. Aðrar minni háttar breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs.
9. Breytingar á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur til að heimila töku umsýsluþóknunar fyrir ál.

### 3.1. Innleiðing tilskipunar 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang er endurútgáfa á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar

2003 um sama efni. Tilskipunin inniheldur nokkur nýmæli og ber helst að nefna eftirfarandi atriði:

- Í tilskipuninni er sett fram ný flokkun á raf- og rafeindatækjum. III. viðauki, yfir sex nýja flokka, tekur gildi 15. ágúst 2018 og I. viðauki, yfir þá tíu flokka sem gilda nú, fellur úr gildi. Þann 15. ágúst 2018 tekur jafnframt gildi IV. viðauki, með lista yfir raf- og rafeindatæki sem falla undir flokkana í III. viðauka, og II. viðauki, með lista yfir raf- og rafeindatæki sem falla undir flokkana í I. viðauka, fellur úr gildi. Á listann yfir raf- og rafeindatæki sem falla ekki undir tilskipunina bætast við ljósaperur með glóðarþræði og fleiri bætast við sem falla ekki undir tilskipunina frá 15. ágúst 2018.
- Í tilskipuninni eru sett fram ný markmið um söfnun á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Frá árinu 2016 á söfnunarhlutfallið að vera að lágmarki 45%. Frá árinu 2019 á söfnunarhlutfallið að vera að lágmarki 65% eða 85% af þeim raf- og rafeindatækjaúrgangi sem fellur til í aðildarríkinu.
- Jafnframt eru sett fram ný markmið um endurnýtingu í V. viðauka. Frá 15. ágúst 2015 til 14. ágúst 2018 á hlutfall endurnýtingar að vera á bilinu 75–85% og hlutfall endurvinnslu og undirbúnings fyrir endurnotkun á bilinu 55–80%, eftir flokkum raf- og rafeindatækja skv. I. viðauka. Frá 15. ágúst 2018 á hlutfall endurnýtingar að vera á bilinu 75–85% og hlutfall endurvinnslu og undirbúnings fyrir endurnotkun á bilinu 55–80%, eftir flokkum raf- og rafeindatækja samkvæmt III. viðauka.
- Aðildarríkin eiga að tryggja að raf- og rafeindatækjaúrgangur sem er safnað fái meðhöndlun við hæfi og banna förgun á þeim raf- og rafeindatækjaúrgangi, sem hefur ekki fengið þá meðhöndlun sem tilgreind er í 8. gr. tilskipunarinnar.
- Fyrir raf- og rafeindatækjaúrgang frá heimilum eiga aðildarríkin að tryggja að dreifingar- aðilar smásöluverslana, þar sem sölusvæði tengt raf- og rafeindatækjum er a.m.k. 400 m<sup>2</sup> eða í námunda við það, sjái fyrir söfnun mjög lítilla raf- og rafeindatækja (ekkert ytra mál lengra en 25 cm) án endurgjalds og án nokkurrar skuldbindingar til að kaupa sams konar raf- eða rafeindatæki í staðinn, nema að mat sýni að núverandi söfnunarkerfi séu líklegri til að vera að minnsta kosti jafn áhrifarík. Mjög lítil raf- og rafeindatæki eru tæki með ekkert ytra mál (þ.e. lengd, breidd, hæð) lengra en 25 cm.
- Í tilskipuninni koma fram auknar kröfur til skráningar í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda. Í kjölfar skráningar á framleiðandi, samkvæmt skilgreiningu í i.–iv. lið f-liðar 1. mgr. 3. gr., að leggja fram þær upplýsingar sem tiltekna eru í A-lið X. viðauka, og síðan þær upplýsingar sem tiltekna eru í B-lið X. viðauka, þegar við á. Framleiðandi á að geta skráð þessar upplýsingar í skráningarkerfið í gegnum netið.
- Aðildarríkin eiga að hafa eftirlit með því að ákvæðum tilskipunarinnar sé framfylgt. Eftirlitið á að minnsta kosti að ná yfir upplýsingar sem skráðar eru í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda, flutning, einkum útflutning raf- og rafeindatækja og starfsemi meðhöndlunarstöðva.
- Aðildarríkin eiga, við flutning á notuðum raf- og rafeindatækjum þar sem grunur leikur á að um sé að ræða raf- og rafeindatækjaúrgang, að skera úr um að það sé í reynd verið að flytja notuð raf- og rafeindatæki með því að biðja um upplýsingar, sbr. VI. viðauka um lágmarkskröfur fyrir flutning, og eiga jafnframt að fylgjast með slíkum flutningi. Kostnaður við eftirlit, sýnatöku og geymslu má leggjast á framleiðanda, þriðja aðila á vegum framleiðanda eða flutningsaðila.
- Í 17. gr. kemur fram að hvert aðildarríki eigi að tryggja að framleiðandi megi skipa viðurkenndan fulltrúa til að vera ábyrgur fyrir því að uppfylla skyldur framleiðandans, ef fram-

leiðandinn er með fasta starfsstöð í öðru aðildarríki en því þar sem raf- eða rafeindatækið er sett á markað í. Skipun viðurkennds fulltrúa á að vera með skriflegu umboði.

- Nýir viðaukar:
  - III. viðauki – Flokkar raf- og rafeindatækja.
  - IV. viðauki – Raf- og rafeindatæki sem falla undir flokkana í III. viðauka.
  - VI. viðauki – Lágmarkskröfur fyrir flutning.
  - X. viðauki – Upplýsingar fyrir skráningu og tilkynningarskyldu í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda.
  - XI. viðauki – Tilskipanir sem falla úr gildi og tímamörk á innleiðingu tilskipana í landslög.
- Þær breytingar sem gera þarf á lögum nr. 55/2013, um meðhöndlun úrgangs, vegna innleiðingar tilskipunar 2012/19/ESB:
  - Lagfæra þarf skilgreiningu á framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja í núgildandi lögum (3. gr. tilskipunar).
  - Gera þarf kröfu um að aðilar, sem ráða yfir sölusvæði tengdu raf- og rafeindatækjum upp á 400 m<sup>2</sup>, taki á móti litlum og mjög litlum raf- og rafeindatækjum án endurgjalds og skilyrða, nema mat sýni fram á að núverandi söfnunarkerfi sé a.m.k. jafn áhrifaríkt (5. gr. tilskipunar).
  - Banna þarf förgun ómeðhöndlaðs raf- og rafeindatækjaúrgangs (1. mgr. 6. gr. tilskipunar).
  - Kveða þarf á um skipun viðurkennds fulltrúa í ákveðnum tilfellum (17. gr. tilskipunar).
  - Breyta þarf ákvæði um reglugerðarheimildir í kafla laganna um raf- og rafeindatækjaúrgang (2. gr. tilskipunar og VI. viðauki hennar).
  - Í kjölfar breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs þarf að breyta reglugerð nr. 442/2015, um raf- og rafeindatækjaúrgang.

### 3.2. Undirbúningur fyrir innleiðingu reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB hefur að markmiði að fullgilda Hong Kong-samning Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) frá 2009, um endurvinnslu skipa, en hann tekur gildi 24 mánuðum eftir fullgildingu samningsins (þegar a.m.k. 15 ríki samningsins hafa fullgilt hann, auk annarra skilyrða, sem eru uppfyllt, m.a. eftir fullgildingu Evrópusambandsins (sem var 20. nóvember 2013)).

Reglugerðin tekur til allra skipa skv. 2. gr. sem sigla undir fána aðildarríkja ESB en einnig þeirra skipa sem sigla undir fána þriðju ríkja, sbr. 12. gr. Þó nær reglugerðin hvorki til þeirra skipa sem eru minni en 500 brúttótonn, mælt samkvæmt alþjóðasamningi um mælingar skipa frá 1969, né heldur til þeirra skipa sem sigla einungis í lögsögu fánaríkis skipsins. Í reglugerðinni er lagt bann við notkun tiltekinna efna við smíði og rekstur skipa (I. viðauki). Ný skip skulu útbúa og hafa tilbúinn lista yfir hættuleg efni, sbr. II. viðauka, sem eru í sjálfu skipinu, þ.e. sem er að finna í byggingu og búnaði skipsins. Eldri skip skulu uppfylla þetta skilyrði að því leyti sem raunhæft er. Skip frá þriðju ríkjum þurfa einnig að hafa lista yfir hættuleg efni komi þau til hafnar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í reglugerðinni eru settar reglur um endurvinnslu skipa. Við niðurrif skipa skal eigandi skips leggja fram listann yfir hættuleg efni. Sá sem sér um niðurrif skipsins gerir þá áætlun um hvernig hann hyggst meðhöndla skipið til niðurrifs. Áætlunina þarf að samþykkja af stjórnvöldum þar sem niðurrif/endurvinnsla fer fram og senda skriflegt samþykki til endurvinnsluaðila, eiganda



skipis og stjórnvalda þar sem skip er skráð í hvert sinn. Þegar niðurrifi er lokið þarf að senda staðfestingu til stjórnvalda sem gáfu út leyfi til niðurrifs innan 14 daga um að niðurrifi sé lokið. Henni skal fylgja skýrsla um bæði umhverfisslys og/eða slys á starfsfólki sem hugsanlega hafa orðið við starfsemina. Þeir sem sjá um niðurrif skipa skulu hafa starfsleyfi til skipaendurvinnslu og skal það gilda til fimm ára í senn. Lögbært stjórnvald skal taka saman lista yfir aðila sem uppfylla skilyrði þess að geta meðhöndlað skip til niðurrifs og skila til framkvæmdastjórnar ESB.

Vegna innleiðingar á framangreindri reglugerð þarf að gera breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum settum á grundvelli laga um nr. 47/2003, um eftirlit með skipum. Bæta þarf við skilgreiningu á endurvinnslu skipa í lög um meðhöndlun úrgangs og mæla fyrir um útgáfu starfsleyfa vegna þeirrar starfsemi og kveða á um reglugerðarheimildir ráðherra. Reglugerðum settum á grundvelli laga um eftirlit með skipum þarf að breyta til að setja inn nýja kröfu um að listi eða birgðaskrá yfir hættuleg efni skuli vera um borð í öllum nýjum skipum (reglugerðarheimildir er að finna í 4. mgr. 1. gr., 5. mgr. 3. gr. og 14. gr. laga nr. 47/2003).

### 3.3. Innleiðing reglugerðar (ESB) nr. 660/2014 um flutning úrgangs.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 660/2014 frá 15. maí 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs hefur það aðalmarkmið að efla eftirlit með flutningi úrgangs. Borið hefur á því að gloppur séu á framfylgni og eftirliti í aðildarríkjunum og er breytingunni ætlað að styrkja þá þætti og koma í veg fyrir ólöglegan flutning á úrgangi milli landa. Samkvæmt reglugerðinni skulu aðildarríkin koma sér upp eftirlitsáætlunum sem byggjast á áhættumati fyrir hvern úrgangsstraum eða ólöglegan flutning á úrgangi. Upplýsingar skulu byggðar á greiningum lögregluvalda og tollyfirvalda ef þær liggja fyrir og árlegri skýrslu skal skilað um eftirlitið til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Kveða þarf á um eftirlitsáætlanir í III. kafla laga nr. 55/2003 um flutning úrgangs milli landa og styrkja lagastoðir reglugerða sem setja þarf vegna þessa.

Til viðbótar við framangreint, en utan við innleiðingu reglugerðar nr. 660/2014, er lagt til að bætt verði ákvæði í kafla laganna um flutning úrgangs milli landa um að Umhverfisstofnun verði heimilt að stöðva flutning úrgangs þegar í stað þegar grunur leikur á að flutningur úrgangs á milli landa uppfylli ekki skilyrði laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Tilefni ákvæðisins er mál sem kom upp á árinu 2014 þar sem erlent skip safnaði brotjárnri og spilliefnum hér á landi og reyndi að flytja úrgang úr landi án leyfa.

### 3.4. Innleiðing á ákvörðun 2013/727/ESB um snið fyrir upplýsingagjöf um úrgangsmálefni.

Frumvarp þetta er einnig lagt fram til innleiðingar á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/727/ESB frá 6. desember 2013 um að ákvarða snið til að tilkynna upplýsingar varðandi samþykki og umtalsverðar breytingar á áætlunum um meðhöndlun úrgangs og áætlunum um forvarnir gegn myndun úrgangs. Ákvörðunin fjallar um skil á upplýsingum til framkvæmdastjórnarinnar um útgáfu og þegar gerðar eru veigamiklar breytingar á áætlunum um meðhöndlun úrgangs og úrgangsforvarnir. Áætlanirnar byggjast á ákvæðum 28. og 29. gr. rammatilskipunar 2008/98/EB um úrgang. Skv. 33. gr. tilskipunar 2008/98/EB ber aðildarríkjunum að upplýsa framkvæmdastjórnina þegar þessar áætlanir eru gefnar út og þegar þær eru endurskoðaðar með veigamiklum hætti, m.a. um umfang áætlanna og hvort þær uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Með ákvörðuninni sem hér um ræðir er aðildarríkjunum gert að nota sérstök eyðublöð við þessa upplýsingagjöf. Eyðublað sem á við um áætlanir um með-

höndlun úrgangs er birt í I. viðauka við ákvörðunina og eyðublað sem á við um áætlanir um úrgangsförvarnir í II. viðauka.

Ákvæði 28. og 29. gr. tilskipunar 2008/98/EB um áætlanir um meðhöndlun úrgangs og um úrgangsförvarnir voru innleidd með 5. og 6. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, þar sem kveðið er á um að ráðherra gefi út almenna stefnu um meðhöndlun úrgangs og almenna stefnu um úrgangsförvarnir og að sveitarstjórnir semji og staðfesti svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs. Til innleiðingar á framkvæmdarákvörðun 2013/727/ESB er lagt til að 6. gr. laga nr. 55/2003 verði breytt með þeim hætti að sveitarstjórnnum verði gert skylt að senda Umhverfisstofnun upplýsingar um útgáfu og veigamiklar endurskoðanir á svæðisáætlunum um meðhöndlun úrgangs. Jafnframt verði sveitarstjórnnum gert skylt að senda þessar upplýsingar á því formi sem stofnunin leggur til. Umhverfisstofnun mundi síðan bera ábyrgð á að skila upplýsingunum áfram til Eftirlitsstofnunar EFTA.

### 3.5. Lagfæring á innleiðingu rammatilskipunar um úrgang 2008/98/EB.

Lokið var að fullu við innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008, um úrgang og niðurfellingu tiltekinnna tilskipana, 31. október 2014. Í kjölfar tilkynningar til Eftirlitsstofnunar EFTA þar um hófust bréfaskipti á milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og stofnunarinnar um innleiðingu úrgangstilskipunarinnar í íslenskan rétt. Niðurstaða þeirra bréfaskrifta voru að tvö atriði stóðu út af svo að tilskipunin teldist að fullu innleidd hér á landi.

Ísland hafði í fyrsta lagi ekki innleitt ákvæði um seljendur og miðlara í 3., 26. og 35. gr. tilskipunarinnar. Skilgreining á seljanda úrgangs og miðlara úrgangs hefur nú verið bætt við 3. gr. laga um meðhöndlun úrgangs og verði frumvarpið að lögum verður reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, breytt til að gera seljendum og miðlurum úrgangs skylt að sækja um starfsleyfi til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Einnig þarf að gera breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs vegna 35. gr. tilskipunar 2008/98/EB, sem lýtur að skráahaldi fyrir hættulegan úrgang, til að skráningarskylda 1. mgr. 56. gr. laganna taki til seljenda og miðlara úrgangs.

Í öðru lagi hafði 2. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar um ábyrgð á úrgangsstjórnun ekki verið innleidd. Í frumvarpinu hefur verið bætt úr því með breytingu á 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs þar sem kveðið er á um að skyldur framleiðenda úrgangs eða handhafa úrgangs til að endurnýta eða farga úrgangi falla að jafnaði ekki niður þó að úrgangur hafi verið fluttur til opinberra aðila eða einkaaðila. Hugsunin með rammatilskipuninni um úrgang er að sérhver aðili í meðhöndlunardeju úrgangs beri ábyrgð á eigin úrgangi. Vegna þessa hafa til dæmis verið sett í úrgangslöggjöfina hér á landi ákvæði um skráningu spilliefna og framleiðendaábyrgð sett fyrir raf- og rafeindatæki, rafhlöður og rafgeyma. Með breytingunni á 9. gr. er ekki verið að gera nýjar eða breyttar kröfur til einkaaðila eða opinberra aðila, heldur eingöngu verið að leggja áherslu á að allir aðilar halda sinni ábyrgð og ber að fylgja lögum, reglugerðum og samþykktum sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs.

### 3.6. Breytingar á 19. gr. laga um meðhöndlun úrgangs.

Ákvæði 19. gr. laga um meðhöndlun úrgangs kveður á um að rekstraraðilar sem meðhöndla úrgang skuli ár hvert skila skýrslu til Umhverfisstofnunar um tegundir úrgangs og magn sem meðhöndlað er, uppruna úrgangsins og ráðstöfun hans. Megintilgangur öflunar tölfraðiuupplýsinga um úrgang er að uppfylla skyldur íslenskra stjórnvalda samkvæmt EES-samningnum og Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna. Í lokamálslið 1. mgr. 19. gr. segir að þessar skýrslur skuli gerðar aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Við meðferð frumvarps til laga um

breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs á Alþingi vorið 2014 var þessum síðasta málslið 1. mgr. 19. gr. bætt við að tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga (sjá breytingartillögu umhverfis- og samgöngunefndar, þingskjal 1047 í 215. máli á 143. löggjafarþingi). Í umsögn sambandsins kemur eftirfarandi fram um tillöguna: „Í ljósi þess að í svæðisáætlunum sveitarfélaga á að útfæra nánar stefnumörkun um meðhöndlun úrgangs telur sambandið eðlilegt að upplýsingar um úrgang verði sveitarfélögum aðgengilegar beint, án milligöngu Umhverfisstofnunar, til þess að þau geti með viðeigandi hætti sinnt ábyrgðarhlutverki sínu gagnvart söfnun, endurvinnslu og förgun úrgangs.“ Skýringar í nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar með breytingartillögunni (sjá þingskjal 1046 í 215. máli á 143. löggjafarþingi) voru samhljóða þessum skýringum sambandsins.

Í ágúst 2015 sendu Samtök iðnaðarins erindi til ráðuneytisins þar sem óskað var eftir að ráðherra tæki til skoðunar hvort ekki væri rétt að fella brott 6. málsl. 19. gr. laga nr. 55/2003. Teldu samtökin fullnægjandi að birta samantekt gagnanna og heildartölfræði um einstaka úrgangsflokka en ekki væru umhverfisleg rök fyrir því að birta gögn frá einstökum fyrirtækjum né þjónaði það hagsmunum almennings. Í gögnunum væru viðkvæmar viðskiptaupplýsingar og gæti birting þeirra skaðað samkeppni í rekstrarumhverfi þar sem mikil samkeppni ríki. Röksemdir Samtaka iðnaðarins voru m.a. á þá leið að yrðu upplýsingar um uppruna úrgangs birtar yrði að mati Samtakanna auðvelt að sjá markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja á mismunandi svæðum á landinu, skipt niður í 72 mismunandi vöruflokka (úrgangsflokka). Markaðshlutdeild væru viðkvæmar viðskiptaupplýsingar og mundi birting gagnanna hafa veruleg áhrif á markaði þar sem ríki mikil samkeppni. Fyrirtæki gætu nýtt sér upplýsingar um samkeppnisaðila til að breyta sinni markaðssetningu. Einnig gæti þetta haft áhrif á opinber útboð fyrir úrgangsmeðhöndlun og tilboð sem berist. Hafa fyrirtæki á þessu sviði neitað að skila Umhverfisstofnun skýrslu skv. 19. gr. laga um meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2014 þar sem birting hennar á vef Umhverfisstofnunar mundi skaða viðskiptahagsmunum fyrirtækisins.

Ráðuneytið leitaði álits Samkeppniseftirlitsins á umræddu máli. Í svari sínu benti Samkeppniseftirlitið á að í framkvæmd hafi upplýsingar um markaðshlutdeild verið taldar til viðkvæmra viðskiptaupplýsinga af Samkeppniseftirlitinu, áfrýjunarnefnd samkeppnismála og dómstólum. Í niðurstöðu eftirlitsins kemur fram að það sé mat Samkeppniseftirlitsins að það kunni hugsanlega að skerða viðskipta- eða samkeppnishagsmunum verði þær upplýsingar sem koma fram í viðkomandi skýrslum skv. 1. mgr. 19. gr. laga um meðhöndlun úrgangs í heild sinni gerðar opinberar. Af þessum sökum væri Samkeppniseftirlitið jákvætt gagnvart því að skoðaðar yrðu leiðir til breytinga á 1. mgr. 19. gr. viðkomandi laga, t.d. með því að upplýsingarnar verði ekki sundurliðaðar eftir fyrirtækjum eða rekstraraðilum. Með öðrum orðum að einungis yrðu birtar samantektir gagnanna og heildartölfræði einstakra úrgangsflokka, svo sem upplýsingar um heildarmagn, hugsanlega skipt eftir landsvæðum. Tillögu í þessum anda er að finna í b-lið 4. gr. frumvarpsins.

Eins og vikið verður að í 5. kafla um samráð þykir nauðsynlegt að gera breytingar á 19. gr. laga um meðhöndlun úrgangs til að tryggja betri öflun og vinnslu tölfræðiupplýsinga um úrgangsmál. Verður rekstraraðilum gert að skila upplýsingum um þann úrgang sem þeir meðhöndla sundurliðuðum niður á uppruna úrgangsins eftir atvinnugreinaflokkum og sveitarfélögum. Jafnframt er Umhverfisstofnun falið það verkefni að afla og miðla upplýsingum um tegundir úrgangsins og magn, uppruna og ráðstöfun hans eftir sveitarfélögum.

### 3.7. *Kæruheimild til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.*

Í frumvarpinu er lagt til að kæruheimild laga um meðhöndlun úrgangs verði færð til samræmis við aðrar kæruheimildir til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kæruheimild

gilandi laga er afar opin þar sem heimilt er að kæra allan ágreining um framkvæmd laganna, reglugerða á grundvelli þeirra eða samþykktar sveitarfélaga eða um ákvarðanir stjórnvalda. Telja verður nægjanlegt að almenningi sé heimilt að kæra ákvarðanir stjórnvalda er varða réttindi hans og skyldur, þ.e. svokallaðar stjórnvaldsákvarðanir. Tillaga þessi um breytingu á lögum er í samræmi við ábendingar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Nefndin hefur í því sambandi m.a. vísað til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 7623/2013 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að frávisun úrskurðarnefndarinnar á kæru er laut að verklagi Umhverfisstofnunar vegna umhverfismarkisins Svansins í tengslum við verkefnið „Ágætis byrjun“ hefði ekki verið í samræmi við lög. Í álitinu segir m.a. að af 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefndina og 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, verði „skýrlega ráðið að ekki aðeins stjórnvaldsákvarðanir sæti kæru til nefndarinnar“. Úrskurðarnefndin hefur bent á að kærueimild laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sé víðtæk og ekki í samræmi við aðrar kærueimildir til nefndarinnar. Kærueimild laga um meðhöndlun úrgangs og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir eru sams konar að þessu leyti.

### 3.8. Aðrar minni háttar breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs.

Gerðar eru nokkrar minni háttar breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs:

- Tilefni er til að lagfæra skilgreiningu rekstrarúrgangs í 3. gr. laganna til að gera ákvæðið skýrara.
- Nauðsynlegt þykir að mæla fyrir um skýrari lagastoð fyrir reglugerð nr. 609/1996, um umbúðir og umbúðaúrgang, en hún er sett með stoð í almennum reglugerðarheimildum efnalaga, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um meðhöndlun úrgangs.
- Ákvæði 3. mgr. 26. gr. er lagfært þannig að skýrt sé að kærueimild er til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála en ekki ráðherra.
- Breytingar eru gerðar á 51., 66. og 67. gr. laganna svo að þær endurspegli þær breytingar sem gerðar hafa verið á framleiðandaábyrgð raf- og rafeindatækja (skilakerfi raf- og rafeindatækja og stýrinefnd þeirra voru lögð niður með lögum nr. 63/2014).
- Breytingar eru gerðar á 24. gr. laganna svo að hún endurspegli mikilvægi úrgangsförvarna, sem kemur fram í 7. gr. laganna.

### 3.9. Umsýsluþóknun fyrir álumbúðir.

Í frumvarpinu er að lokum lagt til að lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, verði breytt þannig að fyrir ál verði einnig tekin umsýsluþóknun eins og aðrar umbúðir. Samkvæmt lögum er tekin umsýsluþóknun fyrir stál, gler og plastefni en ekki ál. Umsýsluþóknun er hugsuð sem viðbótargjald við skilagjald á þær drykkjarvöruumbúðir sem ekki bera sig fjárhagslega með tilliti til hlutdeildar í skilagjaldi og útflutningi. Umsýsluþóknun er því raun sú stærð sem hægt er að hreyfa ef útflutningsverð á umbúðum og hlutur í skilagjaldi breytast. Undanfarin missiri hefur álverð verið sögulega lágt og gengi íslensku krónunnar styrkst verulega og því er kominn upp sú staða hjá Endurvinnslunni hf. að tekjur vegna áls, þ.e. sala álumbúða, eru minni en kostnaður fyrirtækisins við meðhöndlun áls. Er því talið rétt að leggja til að umsýsluþóknun verði tekin fyrir álumbúðir en fjárhæðinni verði stillt í hóf.

## 4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Að mati ráðuneytisins gefur frumvarpið ekki tilefni til að skoða samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Frumvarpið er m.a. sett fram til að uppfylla þær skuld-

bindingar sem Ísland hefur undirgengist með aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið, eins og fram hefur komið.

### 5. Samráð.

Samráð var haft við Umhverfisstofnun, Úrvinnslusjóð, innanríkisráðuneytið og Samgöngustofu við samningu frumvarpsins. Drög að frumvarpinu voru send til umsagnar helstu hagsmunaaðila í janúar 2016 og á sama tíma sett á vef ráðuneytisins. Umsagnir bárust frá Endurvinnslunni hf., Sambandi íslenskra sveitarfélaga, úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, Eftirlitsstofnun EFTA, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Umhverfisstofnun, Úrvinnslusjóði, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar og loks barst sameiginleg umsögn frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins.

Samráð við innanríkisráðuneytið og Samgöngustofu leiddi í ljós að ekki þarf að leggja til breytingar á lögum nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, til að setja inn kröfu 5. gr. reglugerðar ESB nr. 1257/2013, um endurvinnslu skipa, um að birgðaskrá yfir hættuleg efni skuli vera um borð í skipum. Reglugerðarheimildir laga nr. 47/2003 nægja til að innleiða framangreinda reglugerð ESB. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála kom með gagnlegar ábendingar í umsögn sinni er sneru að orðalagi 1. mgr. 67. gr. laga um meðhöndlun úrgangs og hafa þær ábendingar verið teknar til greina að fullu. Ábendingar frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins við 15. gr. frumvarpsins gáfu tilefni til að skýra það ákvæði nánar og skilja á milli starfsemi sem endurvinnur skip yfir 500 brúttótonnum, sem verður starfsleyfis skyld hjá Umhverfisstofnun, og starfsemi sem endurvinnur skip undir 500 brúttótonnum, sem verður starfsleyfis skyld hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins beindu því til ráðuneytisins að setja inn í lög um meðhöndlun úrgangs ákvæði er tryggi virka samkeppni á úrgangsmarkaði í ljósi fjölmargra kærumála undanfarinna ára og með hliðsjón af tilmælum Samkeppniseftirlitsins í álit nr. 1/2014. Ráðuneytið hefur haft framangreint álit Samkeppniseftirlitsins til skoðunar ásamt tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga að ábyrgðarskiptingu í úrgangsmálum og mun vinnu við framangreint framhaldið. Ábendingar Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins og Úrvinnslusjóðs við 11. gr. frumvarpsins gáfu tilefni til að lagfæra orðalag þess og skýringar.

Í umsögn sinni lagði Samband íslenskra sveitarfélaga til breytingar á 4. gr. frumvarpsins sem umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar tók undir. Lagt var til að breytingartillagan yrði svohljóðandi: „Umhverfisstofnun skal tryggja að birtar séu á vefnum tölulegar upplýsingar sem stofnunin vinnur upp úr skýrslum rekstraraðila *sem nauðsynlegar eru fyrir gerð svæðisáætlana* og til að uppfylla alþjóðlega samninga.“ Að mati ráðuneytisins var sú tillaga óframkvæmanleg þar sem ekki liggur fyrir nein formleg skilgreining á þeim svæðum sem einstökum svæðisáætlunum er gert að taka til. Að auki hefði slík breyting kallað á ítarlegri gagnaskráningu hjá rekstraraðilum og umfangsmeiri úrvinnslu hjá Umhverfisstofnun sem yki kostnað. Loks var það mat ráðuneytisins að óþarft væri að Umhverfisstofnun væri milliliður í upplýsingagjöf milli sveitarstjórna og þeirra sem starfa í úrgangsgæranum þar sem sveitarstjórnir bera ábyrgð á fyrirkomulagi söfnunar heimilis- og rekstrarúrgangs í sveitarfélaginu og ættu að hafa bestu yfirsýnina yfir málaflökkinn á sínu heimasvæði. Eins og vikið verður að síðar í þessum kafla hefur þetta atriði frumvarpsins þróast frá flutningi frumvarpsins á síðasta löggjafarþingi og eru lagðar til breytingar á 4. gr. þess til að koma til móts við athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Við meðferð málsins á 145. löggjafarþingi bárust athugasemdir við frumvarpið sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur tekið til sérstakrar skoðunar. Fyrst verður fjallað um

athugasemdir sem varða beint efni frumvarpsins en síðan athugasemdir við ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs sem ekki eru til umfjöllunar í frumvarpinu.

Allnokkrar athugasemdir voru gerðar við tillögu frumvarpsins sem flutt var á síðasta þingi um heimild til handa Umhverfisstofnun að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á lögum um meðhöndlun úrgangs. Var m.a. bent á að heilbrigðisnefndir ættu einnig að fá heimildir til að leggja á stjórnvaldssektir er varða þau atriði sem þeim er skylt að framfylgja samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs. Eftir nánari athugun var ákveðið að taka þetta atriði frumvarpsins út og taka til endurskoðunar með það fyrir augum að taka það upp í tengslum við framlagningu frumvarps til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem fyrirhugað er að leggja fram á 147. löggjafarþingi.

Vegna athugasemda Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis við a-lið 15. gr. frumvarpsins ber að nefna að reglugerð (ESB) nr. 1257/2013, um endurvinnslu skipa, gerir ekki kröfu um að lögbært stjórnvald samþykki endurvinnsluáætlun skipa undir 500 brúttótonnum. Er því í frumvarpinu eingöngu gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun samþykki endurvinnsluáætlanir skipa yfir 500 brúttótonnum áður en endurvinnsla hefst. Einnig má nefna að tilgreint er í skýringum við 15. gr. frumvarpsins að gjaldskrárheimildir heilbrigðisnefnda vegna útgáfu starfsleyfa um endurvinnslu skipa er að finna í 12. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Vegna athugasemda við skilgreiningu á framleiðanda og innflytjanda í b-lið 1. gr. frumvarpsins skal eftirfarandi tekið fram. Til að tryggja viðeigandi meðhöndlun og ráðstöfun raf- og rafeindatækjaúrgangs hefur verið sett úrvinnslugjald á framleiðslu og innflutning allra raf- og rafeindatækja, sbr. lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, og skiptir þá ekki máli hvort sá sem flytur inn er einstaklingur, lögaðili sem flytur inn raftæki til eigin nota eða lögaðili sem flytur inn raftæki til endursölu í atvinnuskyni. Skilgreining á framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja í lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, hefur áhrif á það hverjir eru skráðir í skráningarkerfi framleiðanda og innflytjenda, sbr. 50. gr. laganna, og er þessi skrá m.a. notuð til eftirlits af hálfu Umhverfisstofnunar. Í dag fær Umhverfisstofnun upplýsingar frá tollyfirvöldum um hverjir greiða úrvinnslugjald til að byggja sína skrá á, sbr. 1. mgr. 50. gr. laganna, og eru einstaklingar sem flytja inn raftæki flokkaðir frá. Yrði skilgreiningu framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja breytt í lögum um meðhöndlun úrgangs, eins og umsagnaradilar leggja til, mundi hagræðið í að nýta listann frá tollyfirvöldum hverfa og rannsóknarvinna Umhverfisstofnunar aukast því að stofnunin þyrfti að flokka einnig út úr listanum þá lögaðila sem flytja inn raftæki til eigin nota til að eftir stæðu einungis þeir sem endurselja raftæki í atvinnuskyni. Að öllum líkindum mundi þessi flokkun leiða til hækkunar gjaldskrár Umhverfisstofnunar vegna reksturs skráningarkerfisins en Úrvinnslusjóður stendur skil á þessum gjöldum til stofnunarinnar fyrir hönd framleiðanda og innflytjenda raf- og rafeindatækja, sbr. 52. gr. laganna.

Samband íslenskra sveitarfélaga, Sorpa bs., umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar og Samkeppniseftirlitið bentu á í athugasemdum sínum við 4. gr. frumvarpsins að nauðsynlegt væri að afla og vinna tölfræðiupplýsingar sem gagnast geti sveitarfélögum við gerð svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs og til að sveitarfélög og rekstraraðilar geti að öðru leyti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs. Vegna þessa óskaði ráðuneytið eftir að Umhverfisstofnun legði mat á viðbótarkostnað við öflun og úrvinnslu tölfræðiupplýsinga um úrgangsmál sem fylgdi framangreindum tillögum, og þá sérstaklega þann kostnað sem hlytist af því að gögnum um úrgangsmagn og tegundir verði aflað þannig að einstök sveitarfélög og byggðasamlög geti fengið með lítilli fyrirhöfn sundurliðaðar úrgangstölur. Í svarbréfi Umhverfisstofnunar segir að í vinnslu sé verkefni sem snúi að því að taka við gögnum um magn og tegundir úrgangs sem rekstraraðilar skila í gegnum vefgátt og unnið sé að upp-

setningu rafræns gagnagrunns til að halda utan um gögnin. Við vinnslu þessa verkefnis hefur þess verið gætt að gera ráð fyrir þeim möguleika að rekstraraðilar skili gögnunum sundurliðuðum niður á einstök sveitarfélög og atvinnugreinaflokkka (ÍSAT). Að mati Umhverfisstofnunar er hér um að ræða umfangsmikla breytingu gagnvart rekstraraðilum sem þurfi að kynna vel og innleiða í skrefum. Enn fremur er það mat stofnunarinnar að ekki leggist umtalsverður kostnaður á hana við uppsetningu framangreindrar vefgáttar og gagnagrunns en í þessu felist ekki úrvinnsla á borð við að reikna út hvernig einstök sveitarfélög standa gagnvart markmiðum sem sett hafa verið í úrgangsmálum. Yrði stofnuninni gert að framkvæma slíka útreikninga fyrir hvert sveitarfélag þyrfti að kostnaðarmeta það verkefni sérstaklega. Að lokum er í svarbréfi Umhverfisstofnunar þess getið að rekstraraðilar gætu orðið fyrir kostnaðarauka við að sundurliða úrgangsgögn. Í ljósi framangreinds eru lagðar til breytingar á 4. gr. frumvarpsins þannig að rekstraraðilum verði gert skylt að skila inn upplýsingum um uppruna úrgangs eftir atvinnugreinaflokkum og sveitarfélögum. Einnig er lagt til að Umhverfisstofnun annist öflun og miðlun upplýsinga um tegundir úrgangs og magn, uppruna og ráðstöfun úrgangs eftir sveitarfélögum. Er að auki lagt til að stofnuninni verði heimilað að innheimta gjald fyrir vinnslu tölfraeði-upplýsinga sem byggjast á skýrslum rekstraraðila fyrir einstök sveitarfélög verði óskað eftir því.

Skal þá vikið að athugasemdum umsagnaraðila við ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs sem varða ekki efni frumvarpsins eins og það liggur fyrir. Í umsagnarferlinu var bent á að skerpa þurfi ákvæði um ábyrgðarskiptingu í málaflokki úrgangsmála vegna samspils opinberra aðila og einkaaðila við meðhöndlun úrgangs og þar vísað til álits Samkeppniseftirlits nr. 1/2014 og nýlegrar skýrslu norrænna samkeppnisyrvalda um samkeppni í málaflokknum. Vegna þessa skal bent á að í undirbúningi er að hefja vinnu við heildarendurskoðun úrgangslaga, m.a. vegna framangreindra atriða. Eru nú til skoðunar tillögur Sambands íslenskra sveitarfélaga um skýrari ábyrgðarskiptingu í úrgangsmálum enda bera sveitarfélögin meginábyrgð á framkvæmd úrgangsmála hér á landi.

Við þinglega meðferð frumvarpsins á síðasta löggjafarþingi komu fram athugasemdir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sorpu bs. um ágreining sem uppi hefur verið um kostnað við geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs á söfnunarstöðvum sveitarfélaga. Ráðuneytið óskaði í desember eftir athugasemdum vegna málsins frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Félagi atvinnurekenda, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi en þetta eru þeir aðilar sem eiga fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs. Í ljósi þeirra athugasemda sem bárust er ljóst að langt er á milli aðila hvað varðar kostnað við geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs á söfnunarstöðvum sveitarfélaga. Ráðuneytið mun því, með vísan til 1. mgr. 17. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, beina málinu til stjórnar Úrvinnslusjóðs til að greina nánar þann kostnað sem ágreiningurinn stendur um og koma með tillögu að lausn. Drög að frumvarpi þessu voru send til umsagnar helstu hagsmunaaðila í mars 2017 vegna þeirra breytinga sem urðu á því eftir þinglega meðferð þess á 145. löggjafarþingi. Athugasemdir bárust frá Samtökum iðnaðarins, Umhverfisstofnun, Samtökum verslunar og þjónustu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Sorpu bs. og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Fram kom í umsögn Umhverfisstofnunar að þær breytingar sem gerðar hafa verið á 4. gr. frumvarpsins leiði ekki til breytinga á kostnaðarmati frumvarpsins, sjá nánar umfjöllun í skýringum við 4. gr. Framangreindar athugasemdir leiddu ekki til breytinga á frumvarpinu en gáfu tilefni til að skýra einstök atriði nánar í greinargerð.

## 6. Mat á áhrifum.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi teljandi áhrif á stjórnsýslu ríkisins enda til dæmis gert ráð fyrir gjaldtökuheimildum vegna aukinna verkefna hjá Umhverfisstofnun. Ný markmið verða sett um söfnun, endurnýtingu og endurvinnslu raf- og rafeindatækjaúrgangs sem hlýtur að teljast jákvætt í ljósi þess að minna af slíkum úrgangi fer þá til urðunar. Almennangi verður gert auðveldara fyrir með að skila litlum raf- og rafeindatækjum beint til verslana, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Strangari reglur verða settar um endurvinnslu og niðurrif skipa sem eru stærri en 500 brúttótonn til að koma í veg fyrir, draga úr eða lágmarka hugsanleg skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið vegna þessarar starfsemi.

Hvað varðar áhrif frumvarpsins á atvinnulífið má nefna að aðilar sem flytja úrgang milli landa verða undir auknu eftirliti, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Í málum sem komið hafa upp og varða meðhöndlun og flutning á úrgangi/spilliefnum úr landi án leyfa hafa eftirlitsskyldir aðilar lagt áherslu á að allir aðilar sem eru í þessari starfsemi uppfylli kröfur og skilyrði, svo að aðilar standi jafnfætis. Þetta er mikilvægt svo að ekki sé skekk staða þeirra sem uppfylla skilyrði og kröfur gagnvart þeim sem gera það ekki, m.a. með því að vera hvorki með starfsleyfi né útflutningsleyfi, með þeirri umgjörð og kostnaði sem því fylgir. Varðandi meira raunefirlit með flutningi úrgangs/spilliefna milli landa mætti því ætla að þeir sem eru með atvinnu af þessari starfsemi, eru með starfsleyfi o.s.frv., vilji gera vel og sjái sér hag í því að fylgst sé almennt meira með þessari starfsemi, því að þá eru meiri líkur á að þrengt sé að þeim sem ekki fara að lögum og reglugerðum. Vegna kröfu frumvarpsins um skil rekstraraðila á upplýsingum um úrgang sem meðhöndlaður hefur verið eftir sveitarfélögum er mögulegt að rekstraraðilar verði fyrir kostnaðarauka. Þessar upplýsingar eru aftur á móti nauðsynlegar til að tryggja nauðsynlega öflun og vinnslu tölfraediupplýsinga sem gagnast geti sveitarfélögum við gerð svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs og til að sveitarfélög og rekstraraðilar geti að öðru leyti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs.

Meginmarkmið frumvarpsins er að tryggja að lög um meðhöndlun úrgangs samrýmist þeim skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist með EES-samningnum, þ.e. innleiðing EES-gerða og lagfæring á þegar innleiddum EES-gerðum. Enn fremur er lögð til breyting á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, þess efnis að heimila töku umsýsluþóknunar fyrir álumbúðir í ljósi mikillar verðlækkunar á heimsmarkaðsverði á áli og vegna ábendinga Endurvinnslunnar hf. þar um.

### 6.1. Kostnaður vegna innleiðingar á tilskipun 2012/19/ESB.

Tilskipunin felur í sér tvenns konar áhrif sem lögð eru til grundvallar í mati þessu. Annars vegar, að tryggt sé að dreifingaraðilar smásöluverslana, þar sem sölusvæði tengt raf- og rafeindatækjum er a.m.k. 400 m<sup>2</sup> eða í námunda við það, sjái fyrir söfnun mjög lítilla raf- og rafeindatækja (sbr. 10. gr. frumvarpsins). Það eru ekki margar smásöluverslanir hér á landi sem uppfylla framangreind stærðartakmörk og því ekki líklegt að mikið reyni á þær kröfur sem hér eru gerðar. Enn fremur taka margir sölu- og dreifingaraðilar raf- og rafeindatækja nú þegar við slíkum tækjum án endurgjalds. Því er ólíklegt að þetta muni hafa íþyngjandi áhrif né leiði til aukins kostnaðar fyrir dreifingaraðila. Hins vegar gerir tilskipunin auknar kröfur til þess að framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja geti skráð viðhlítandi upplýsingar um sig og vörur sínar í sérstakt skráningarkerfi gegnum netið. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun eru skráningar þær sem hér um ræðir óverulegar. Auk þess berast umræddar skráningar rafrænt og með sjálfvirkum hætti frá íslenskum toll- og skattfirvöldum. Hjá stofnuninni eru upplýsinga- og skráningarsíður á netinu sem nota má í þessum tilgangi. Kostnaður er talinn óverulegur og rúmast innan núverandi fjárheimilda stofnunarinnar.



6.2. *Kostnaður vegna innleiðingar reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.*

Reglugerðin felur í sér tvenns konar áhrif sem lögð eru til grundvallar í mati þessu. Annars vegar, að samkvæmt reglugerðinni er gerð krafa um að um borð í öllum nýjum skipum sé ávallt listi eða birgðaskrá yfir öll hættuleg efni sem hægt er að vísa til við bæði skráningu og reglubundnar skoðanir skipa sem framkvæmdar eru af Samgöngustofu. Ekki er talið að sú krafa leiði til kostnaðarauka fyrir Samgöngustofu sem hefur með höndum eftirlitið heldur falli krafa um lista undir núverandi kröfur sem gerðar eru til skráningar skipa og eftirlits með þeim. Hins vegar, að þeir aðilar sem hyggjast starfa að niðurrifi skipa hér á landi sem eru yfir 500 brúttótonn þurfa að leggja fram niðurrifsáætlun og afla starfsleyfis fyrir starfsemi sinni frá Umhverfisstofnun. Stofnunin tekur gjald samkvæmt gjaldskrá fyrir útgáfu slíkra starfsleyfa, fyrir eftirlit með starfsemi og vegna samþykktar á niðurrifsáætlun. Að mati stofnunarinnar er umfang þessa afar lítið, eða um eitt til tvö tilfelli á ári, og því ekki þörf á neinum sérstökum úrræðum vegna þess hjá stofnuninni heldur falli það undir reglubundið eftirlit sem nú þegar er til staðar.

6.3. *Kostnaður vegna innleiðingar reglugerðar (ESB) nr. 660/2014.*

Talið er að um 25% allra sendinga úrgangs á Evrópska efnahagssvæðinu séu ólöglegar og er eftirlit samkvæmt reglugerðinni til að sporna við því. Reglugerðin gerir kröfu til stjórnvalda um gerð þriggja ára eftirlitsáætlunar vegna flutninga á úrgangi og skila á ítarlegri upplýsingum en nú er gert til Eftirlitsstofnunar EFTA. Enn fremur þarf að framkvæma áhættumiðað eftirlit hjá þeim aðilum þar sem úrgangur er undirbúinn til flutnings, einkum ef um er að ræða flutning á úrgangi á milli landa. Um er að ræða tvenns konar eftirlit. Annars vegar fast reglubundið eftirlit með aðilum sem undirbúa (hættulegan) úrgang til flutnings og hins vegar eftirlit sem byggist á stikkprufueftirliti er nær til undirbúnings á flutningi og flutnings á úrgangi. Undir þetta fellur einnig stikkprufueftirlit með sendingum úrgangs sem koma til landsins eða fara í gegnum íslenska lögsögu. Umrætt stikkprufueftirlit hefur ekki verið framkvæmt áður og er því viðbót við eftirlitshlutverk stofnunarinnar. Almennt eftirlit með flutningi úrgangs sem heyrir undir Umhverfisstofnun er fjármagnað með leyfisgjöldum. Umfang er umtalsvert og er talið að 5–7 aðilar annist undirbúning og flutning á hættulegum úrgangi og að fjöldi útgefna leyfa fyrir slíkum flutningum sé á bilinu 20–28 talsins og nái yfir um 600–800 sendingar á ári. Áætlað er að til að sinna umræddri viðbót á eftirlitshlutverki stofnunarinnar þurfi að koma til vinna er jafngildi um hálfu stöðugildi auk ferðakostnaðar. Áætlað er að kostnaður vegna þessa nemi alls um 4 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir kostnaði þessum í fjárlögum 2017.

6.4. *Kostnaður vegna breytinga á lögum nr. 52/1989 vegna skilaskyldra drykkjarvöruumbúða úr áli.*

Í 4. gr. laganna er kveðið á um að fyrir umbúðir sé tekin umsýsluþóknun og að við ákvörðun hennar sé við það miðað að félagið geti staðið undir kostnaði við starfsemina. Nú bera gler-, stál- og plastumbúðir umsýslugjald til viðbótar skilagjaldi en ekki álumbúðir, sbr. 1. gr. Undanfarin missiri hefur þróun álverðs verið með þeim hætti að tekjur vegna álumbúða standa ekki undir kostnaði við meðhöndlun og því talið nauðsynlegt að heimila Endurvinnslunni hf. að leggja umsýslugjald á álumbúðir. Umsýsluþóknun fyrir álið, sem aldrei hefur verið tekið fyrir, er fyrirhuguð um 20 aurar á einingu. Árið 2016 voru um 66 milljónir eininga af áldósum framleiddar eða fluttar inn. Tekjur af umsýsluþóknun munu því aukast um rúmar 13 m.kr. eða tæplega 2% af heildartekjum fyrirtækisins (718 m.kr.). Þessar 13 m.kr. endurspeglar áætlað tap Endurvinnslunnar af meðhöndlun álumbúða sem skýrist einkum af lækandi heimsmarkaðsverði á áli sem stýrir þeim tekjum sem Endurvinnslan fær fyrir sölu þess. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á umsýslugjaldi vegna annarra umbúðategunda og því áætlað að tekjur vegna þeirra

haldist óbreyttar. Miðað við óbreytt magn álumbúða frá síðasta ári má áætla að umsýsluþóknun muni skila ríkissjóði um 13 m.kr. tekjum á ári. Samkvæmt lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota drykkjarvöruumbúða hefur ríkissjóður skilað öllum tekjum af umsýsluþóknun til Endurvinnslunnar hf. Gert er ráð fyrir auknum tekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun í fjármálaáætlun.

#### 6.5. Samantekt.

Samandregin niðurstaða úr mati á áhrifum frumvarpsins er sú að kostnaðaráhrif vegna innleiðingar á tilskipun 2012/19/ESB og reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 séu lítil sem engin, en að innleiðing reglugerðar (ESB) nr. 660/2014 muni auka útgjöld Umhverfisstofnunar um 4 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir þessum kostnaði í fjárlögum 2017. Þá er talið að umsýsluþóknun fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir úr áli muni auka tekjur ríkissjóðs og framlag hans til Endurvinnslunnar hf. um 13 m.kr. á ári.

#### *Um einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á 3. gr. laga um meðhöndlun úrgangs þar sem hugtök í lögnum eru skilgreind.

Í fyrsta lagi er lagt til að bætt verði við skilgreiningu á dreifingaraðila til innleiðingar á g-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2012/19/ESB, um raf- og rafeindabúnaðarúrgang. Vert er að vekja athygli á öðrum skilgreiningum þessarar tilskipunar, þ.e. að „bjóða fram á markaði“ og „setning á markaði“ sem er að finna í j- og k-lið 1. mgr. 3. gr. „Bjóða fram á markaði“ er öll afhending vöru til dreifingar, neyslu eða notkunar á markaði aðildarríkis á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds. „Setning á markaði“ er það að bjóða fram vöru í fyrsta sinn á markaði innan yfirráðarsvæðis aðildarríkis í atvinnuskyni.

Í öðru lagi er lagt til að bætt verði við skilgreiningu á endurvinnslu skipa til innleiðingar á 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa.

Í þriðja lagi er að finna skilgreiningu á miðlara og seljanda úrgangs í samræmi við 7. og 8. tölul. 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB um úrgang.

Í fjórða lagi er lögð til breyting á skilgreiningu framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja vegna innleiðingar á f-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2012/19/ESB.

Í fimmta lagi er lögð til breyting á skilgreiningu hugtaksins rekstrarúrgangur þar sem lagfæra þarf samræmi þeirrar skilgreiningar við skilgreiningu hugtaksins heimilisúrgangur. Heimilisúrgangur er skilgreindur sem úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h. Með sams konar leifum frá rekstraraðilum er þá átt t.d. við úrgang frá skrifstofum og kaffistofum vinnustaða sem líkjast heimilisúrgangi. Rekstrarúrgangur er í núgildandi lögum skilgreindur sem úrgangur frá framleiðslu, þjónustu og verslun, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu o.þ.h. Upptalningin „matarleifar, pappír, pappi, plast, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu o.þ.h.“ getur valdið misskilningi þar sem þetta er sú upptalning sem er að finna í skilgreiningu heimilisúrgangs. Er því lagt til að skilgreining á rekstrarúrgangi verði lagfærð og hljóði svo: úrgangur frá framleiðslu, þjónustu, verslun og öðrum rekstri, annar en heimilisúrgangur. Rekstrarúrgangur er því úrgangur sem fellur beint til við framleiðslu eða rekstur viðkomandi starfsemi og þótt hann sé í einhverjum tilfellum sams konar heimilisúrgangi fellur hann eðli málsins samkvæmt til í mun meira magni.

## Um 2. gr.

Til innleiðingar á framkvæmdarákvörðun 2013/727/ESB er lagt til að 6. gr. laganna verði breytt með þeim hætti að sveitarstjórnnum verði gert skylt að senda Umhverfisstofnun upplýsingar um útgáfu og veigamiklar endurskoðanir á svæðisáætlunum um meðhöndlun úrgangs. Jafnframt verði sveitarstjórnnum gert skylt að senda þessar upplýsingar á því formi sem Umhverfisstofnun leggur til. Það form mun vera í samræmi við framangreinda framkvæmdarákvörðun og tilgreint í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun ber síðan ábyrgð á að skila upplýsingunum áfram til Eftirlitsstofnunar EFTA.

## Um 3. gr.

Ákvæðið er sett til innleiðingar á 2. mgr. 15. gr. rammatilskipunar 2008/98/EB og kveður á um að skyldur framleiðenda úrgangs eða handhafa úrgangs til að endurnýta eða farga úrgangi falla að jafnaði ekki niður þó að úrgangur hafi verið fluttur til opinberra aðila eða einkaaðila. Með breytingunni eru ekki gerðar nýjar eða breyttar kröfur til einkaaðila eða opinberra aðila, heldur er eingöngu verið að leggja áherslu á að allir aðilar halda ábyrgð á sínum úrgangi og ber að fylgja lögum, reglugerðum og samþykktum sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs. Eingöngu er raunhæft að ætla að ákvæðið hafi þýðingu fari einstaklingur eða lögaðili, sem hefur ekki starfsleyfi til meðhöndlunar úrgangs, verulega út fyrir regluverkið, t.d. með því að farga hættulegum úrgangi á víðavangi.

Eðli málsins samkvæmt gildir ákvæðið ekki um úrgang sem er á ábyrgð framleiðanda eða innflytjanda þar sem þessir aðilar hafa tekið ábyrgð á fullri endurnýtingu og förgun úrgangs sem af vöru þeirra stafar. Þetta gildir til dæmis um raf- og rafeindatæki, hjólbarða, ökutæki, pappa-, pappír- og plastumbúðir, rafhlöður, rafgeyma, heyrúlluplast og fleiri vörur, sbr. lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald.

## Um 4. gr.

Eins og vikið var að í 5. kafla um samráð hafa komið fram athugasemdir um að nauðsynlegt væri að afla og vinna tölfraðiupplýsingar um úrgangsmál sem gagnast geti sveitarfélögum við gerð svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs og til að sveitarfélög og rekstraraðilar geti að öðru leyti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs. Hefur því ákvæði 4. gr. frumvarpsins verið betrumbætt við endurflutning frumvarpsins. Samkvæmt a-lið verður rekstraraðilum gert að skila upplýsingum um þann úrgang sem meðhöndlaður hefur verið, sundurliðuðum niður á uppruna úrgangsins eftir atvinnugreinaflokkum og sveitarfélögum. Í dag er einungis gerð krafa um sundurliðun úrgangsins eftir uppruna og hefur það verið túlkað í framkvæmd sem uppruni eftir atvinnugreinaflokkum. Rekstraraðilar verða því að skila inn upplýsingum flokkuðum eftir sveitarfélögum verði frumvarpið að lögum. Lagt er til í 20. gr. frumvarpsins að a-liður 4. gr. þess taki gildi 1. janúar 2018 til að gefa rekstraraðilum ráðrúm til að undirbúa framkvæmd ákvæðisins. Ljóst er að nú þegar er aflað töluvert af gögnum flokkuðum eftir sveitarfélögum og við útfærslu á framkvæmd ákvæðisins verður hægt að leita t.d. fyrirmynda hjá Úrvinnslusjóði sem aflar upplýsinga um uppruna tiltekins úrgangs eftir sveitarfélögum. Er því gert ráð fyrir að rekstraraðilum verði skylt að afla upplýsinga um meðhöndlun úrgangs sundurliðað niður á sveitarfélög fyrst 1. janúar 2018. Af þessu leiðir að rekstraraðilar munu skila upplýsingum eftir sveitarfélögum í fyrsta skipti með skýrslu sinni til Umhverfisstofnunar í maí 2019. Enn fremur leiðir af þessu að 2. og 3. málsli. b-liðar komat fyrst til framkvæmda á árinu 2019. Þar er Umhverfisstofnun falið það verkefni að annast öflun og miðlun upplýsinga um tegundir úrgangsins og magn, uppruna og ráðstöfun hans eftir sveitarfélögum. Stofnuninni er heimilt að innheimta gjald fyrir vinnu við að taka saman tölulegar

upplýsingar úr skýrslum rekstraraðila fyrir einstök sveitarfélög. Umhverfisstofnun mun ekki taka gjald fyrir að miðla hrágögnum úr gagnagrunni sínum um tölfræði úrgangsmála, því verður miðlað til sveitarfélaga án endurgjalds. Óski sveitarfélög hins vegar eftir því að tölfræðiupplýsingar verði unnar sérstaklega, t.d. út frá markmiðum í úrgangsmálum, verður tekið gjald fyrir þá vinnu stofnunarinnar.

Eins og fjallað var um fyrr í greinargerðinni er nauðsynlegt að leggja til breytingu á 6. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna þar sem birting skýrslna rekstraraðila sem meðhöndla úrgang kann hugsanlega að skerða viðskipta- eða samkeppnishagsmuni verði þær upplýsingar sem koma fram í skýrslunum í heild sinni gerðar opinberar, sbr. 1. málsl. b-liðar 4. gr. frumvarpsins. Ekki verður séð hvernig birting skýrslna frá einstökum rekstraraðilum, þar sem ekki kemur fram landfræðilegur uppruni úrgangsins, þjóni hagsmunum almennings eða umhverfisins.

Síðustu árin hafa Umhverfisstofnun og Hagstofa Íslands birt á vefjum sínum gögn sem unnin eru upp úr skýrslum rekstraraðila sem meðhöndla úrgang en þau eru ávallt samantekin fyrir landið í heild. Með því að breyta orðalagi ákvæðisins úr „Skýrslurnar skulu gerðar aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar“ í „Umhverfisstofnun skal tryggja að birtar séu á vefnum tölulegar upplýsingar fyrir landið í heild sem byggjast á skýrslum rekstraraðila til að uppfylla alþjóðlega samninga“ er komið í veg fyrir óheppilega birtingu gagna. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun birti áfram samantekt gagna og heildartölfræði um úrgangsmál á vef sínum eða Hagstofu Íslands, svo sem upplýsingar um heildarmagn úrgangs í einstökum úrgangsflokkum og aðrar upplýsingar sem stofnunin telur mikilvægt að birta. Í því sambandi gæti stofnunin haft hliðsjón af 9. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, þar sem fjallað er um takmarkanir á upplýsingarétti almennings vegna mikilvægra fjárhags- og viðskiptahagsmuna fyrirtækja og annarra lögaðila. Athuga verður þó að ef um upplýsingar um mengandi losun út í umhverfið er að ræða, t.d. losun frá urðunarstöðum og sorpbrennslustöðvum, á 8. gr. laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, við og á almenningur rétt á þeim upplýsingum þrátt fyrir 9. gr. upplýsingalaga.

Með breyttu orðalagi er hlutverk Umhverfisstofnunar gert skýrara og felst það einkum í því að stofnuninni er gert að tryggja birtingu þeirra upplýsinga sem stofnunin sér þegar um að útbúa á hverju ári. Ekki er gert ráð fyrir að stofnunin breyti gagnavinnslu sinni og útbúi ný gögn, eingöngu til birtingar. Í þessu sambandi má geta þess að gögn frá Umhverfisstofnun yfir magn og ráðstöfun úrgangs á landsvísi eru nú þegar, og hafa verið til margra ára, birt á vef Hagstofunnar. Hins vegar birtir Umhverfisstofnun á eigin vef tölulegar upplýsingar um hvernig Ísland stendur gagnvart markmiðum er varða úrgangsmál, sem sett hafa verið í alþjóðlegum samningum. Talið er mikilvægt að halda þessum sveigjanleika um það hvar birtingin fer fram, m.a. vegna þess að vefur Hagstofunnar er nú þegar útbúinn til að birta tiltekin gögn. Með áframhaldandi birtingu þar er því valin hagkvæmasta leiðin, auk þess sem samfelldni í birtingu er tryggð. Talið er þarflaust að birta sömu gagnasöfnin á vef Umhverfisstofnunar, til viðbótar við birtingu á vef Hagstofunnar.

#### Um 5. gr.

Lagt er til að 1. og 2. mgr. 24. gr. laganna verði breytt til samræmis við það mikilvægi úrgangsförvarna sem birtist í 7. gr. laganna. Sífellt meiri áhersla er nú lögð á úrgangsförvarnir og verður líklega ennþá meiri þegar horft er til framtíðar, m.a. þegar í auknum mæli er stefnt að bættri auðlindanýtingu og stuðlað að myndun hringrásarhagkerfis (e. circular economy). Fræðsla um úrgangsförvarnir er því ekki síður mikilvæg en fræðsla um meðhöndlun úrgangs.

## Um 6. gr.

Lagt er til að orðin „til ráðherra“ falli brott í 3. mgr. 26. gr. laganna og í stað þeirra komi „til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála“. Skv. 67. gr. laganna, eins og lagt er til að ákvæðinu verði breytt með frumvarpi þessu, er heimilt að kæra stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru á grundvelli laganna til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Því er ljóst að ráðherra umhverfis- og auðlindamála úrskurðar ekki um hvort ákvörðun Umhverfisstofnunar um það hvort um vöru eða úrgang sé að ræða við flutning úrgangs á milli landa skuli standa eða ekki, heldur úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

## Um 7. gr.

Lagðar eru til breytingar á 28. gr. laga um meðhöndlun úrgangs til að innleiða reglugerð (ESB) nr. 660/2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs. Markmið reglugerðarinnar er að styrkja eftirlit með flutningi úrgangs og koma í veg fyrir ólöglegan flutning úrgangs milli ríkja. Það skal gert með eftirlitsáætlunum sem byggjast á sérstöku áhættumati og beinast að fyrirtækjum, söfnunaraðilum og flutningsaðilum.

Reglugerðin gefur tilefni til að styrkja ákvæði um eftirlit og sýnatöku í kafla laganna um flutning úrgangs milli landa. Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli útbúa eftirlitsáætlun til þriggja ára í senn en að öðru leyti er gert ráð fyrir að nánari ákvæði um slíkar áætlanir, innihald þeirra og umfang, ásamt viðeigandi skilgreiningum, verði sett í reglugerð ráðherra. Áréttað er að ákvæði upplýsingalaga og laga um upplýsingarétt um umhverfismál taka ekki til eftirlitsáætlunarinnar fyrr en að loknum gildistíma hennar. Eðlilegt er að slík áætlun verði undanþegin upplýsingarétti almennings þar til áætlunin hefur runnið sitt skeið. Verði áætlunin gerð opinber fyrir fram næst ekki tilætlaður árangur af eftirlitinu. 4. másl. 1. mgr. 28. gr. laganna er svo færður í nýja 3. mgr. ákvæðisins með viðbót sem hljóðar upp á fleiri atriði sem kveða má á um í reglugerð.

## Um 8. gr.

Lagt er til að bætt verði við ákvæði 31. gr. laga um meðhöndlun úrgangs þannig að Umhverfisstofnun verði veitt heimild til að stöðva flutning úrgangs þegar í stað þegar grunur leikur á að flutningur úrgangs á milli landa uppfylli ekki skilyrði laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Fyrirmynd ákvæðisins er að finna í 57. gr. efnalaga.

Tilefni ákvæðisins er mál sem kom upp á árinu 2014 þar sem erlent skip safnaði brotajárni og spilliefnum hér á landi og reyndi að flytja úrgang úr landi án leyfa. Umhverfisstofnun kærði málið eftir að hafa farið í eftirlitsferð í skipið en lögregla vísaði kærinni frá. Málið var leyst með samstarfi Umhverfisstofnunar, viðkomandi útgerðar, umboðsaðila skipsins á Íslandi og Efnamóttökunnar og viðunandi úrbætur gerðar sem fólust í því að töluvert magn spilliefna var fjarlægt úr skipinu. Tollstjóraembættið gat í þessu tilviki beitt heimildum sínum varðandi tollafgreiðslu til að koma í veg fyrir að skipið sigldi úr landi án leyfa. Þó að framangreint mál hafi verið leyst farsælega er ljóst að sambærileg mál geta komið upp og því vissara að Umhverfisstofnun hafi heimild til að stöðva flutning úrgangs þegar í stað vakni grunur um að flutningur úrgangs á milli landa uppfylli ekki skilyrði laga eða reglugerða. Er stofnuninni heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf við framkvæmd úrræðisins.

## Um 9. gr.

Hér er lögð til viðbót við 43. gr. laga um meðhöndlun úrgangs sem lýtur að reglugerðum settum á grundvelli laganna. Nauðsynlegt þykir að mæla fyrir um skýrari lagastoð fyrir reglugerð um meðferð umbúða og umbúðaúrgang en nógildandi reglugerð er sett með stoð í

almennum reglugerðarheimildum efnalaga, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um meðhöndlun úrgangs.

Í ákvæðinu er lagt til að heimilt verði að setja reglugerð um töluleg markmið fyrir notkun burðarplastpoka. Á vettvangi Evrópusambandsins hefur verið samþykkt breyting á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang varðandi minnkun á notkun léttar burðarplastpoka. Breytingartilskipunin, tilskipun 2015/720/ESB, hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn. Tilskipunin leggur skyldur á aðildarríki að minnka notkun á hefðbundnum plastpokum sem nær til burðarpoka úr plasti sem eru minni en 0,05 millimetrar að þykkt, sem eru bæði þunnu grænmetispokarnir og hinir venjulegu innkaupapokar stórverslana. Þó að orðalag e-liðar 43. gr. um að ráðherra setji reglugerð um töluleg markmið um úrgangsforvarnir nái yfir framangreindar breytingar á regluverki ESB þykir skýrara að mæla fyrir um sérstaka reglugerðarstoð fyrir töluleg markmið er varða notkun burðarplastpoka og undirbúa þannig innleiðingu tilskipunar 2015/720/ESB.

#### Um 10. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að tveimur greinum verði bætt við í kafla laganna sem fjallar um raf- og rafeindatækjaúrgang. Ákvæði 44. gr. a er sett til innleiðingar á c-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og 44. gr. b er sett til innleiðingar á 1. mgr. 6. og 8. gr. sömu tilskipunar.

#### Um 11. gr.

Ákvæðið er sett til innleiðingar á 17. gr. tilskipunar 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang. Skv. 1. mgr. 17. gr. skulu aðildarríki tryggja að framleiðanda, eins og hann er skilgreindur í i.–iii. lið f-liðar 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar, með staðfestu í öðru aðildarríki, sé heimilt, með undanþágu frá i.–iii. lið f-liðar 1. mgr. 3. gr., að tilnefna lögaðila eða einstakling með staðfestu á yferráðasvæði þess sem viðurkenndan fulltrúa, sem ber ábyrgð á því að uppfylla skuldbindingar þess framleiðanda samkvæmt tilskipuninni, á yferráðasvæði þess. Er lagt til að 1. mgr. 17. gr. verði innleidd með ákvæði er verður 3. mgr. 50. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, verði frumvarpið samþykkt. Þar sem allir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja eru sjálfkrafa skráðir í skráningarkerfi raf- og rafeindatækja hér á landi við innflutning tækjanna til landsins og eru um leið skyldugir til að greiða úrvinnslugjald af búnaðinum verður ekki séð að ákvæðið hafi mikla þýðingu hér á landi. Erlendum framleiðendum verður þó að sjálfsögðu heimilt að skrá hjá Umhverfisstofnun, sem sér um skráningarkerfi framleiðanda og innflytjenda raf- og rafeindatækja, viðurkenndan fulltrúa sinn hér á landi.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2012/19/ESB skal hvert aðildarríki tryggja að framleiðandi, eins og hann er skilgreindur í iv. lið f-liðar 1. mgr. 3. gr. og með staðfestu á yferráðasvæði þess, sem selur raf- og rafeindabúnað til annars aðildarríkis þar sem hann er ekki með staðfestu, tilnefni viðurkenndan fulltrúa í því aðildarríki, sem sé ábyrgur fyrir því að uppfylla skyldur framleiðandans samkvæmt tilskipuninni á yferráðasvæði þess aðildarríkis. Er lagt til að 2. mgr. 17. gr. verði innleidd með ákvæði er verður 4. mgr. 50. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, verði frumvarpið samþykkt. Ekki verður séð að ákvæðið hafi mikla þýðingu hér á landi þar sem íslenskir framleiðendur raf- og rafeindatækja sem selja raf- og rafeindatæki í gegnum netið beint til notenda í öðru EES-ríki eru fáir en sjálfsagt gæti komið til þess síðar að ákvæðið yrði virkt. Tryggja verður að framleiðendur raf- og rafeindatækja hér á landi sem selja beint til notenda í öðru EES-ríki fái upplýsingar um þessa skyldu sína, t.d. af hendi Umhverfisstofnunar.

## Um 12. og 16. gr. og b-lið 17. gr.

Lagt er til að ákvæði 3. mgr. 51. gr. verði breytt og að 7. mgr. 66. gr. og 3. mgr. 67. gr. laganna falli brott þar sem þau lúta að umsýslu skilakerfa raf- og rafeindatækja. Með lögum nr. 63/2014, um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, var gerð breyting á framleiðenda-ábyrgð raf- og rafeindatækja þannig að lagt var úrvinnslugjald á þessar vörur og Úrvinnslusjóður falið að tryggja söfnun og meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs sem og að ná lágmarksmarkmiðum um undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu, söfnun og förgun raf- og rafeindatækjaúrgangs. Skilakerfi raf- og rafeindatækja, og þar með stýrinefnd þessa úrgangs, voru samhliða lögð niður með lögum nr. 63/2014. Að öllum líkindum hefur farist fyrir að fella ákvæði laganna varðandi þessi atriði brott og er því gerð bragabót á því.

## Um 13. gr.

Lagt er til að tveimur staflíðum verði bætt við reglugerðarákvæði kafla um raf- og rafeindatækjaúrgang. Í fyrsta lagi er i-liður settur til innleiðingar á 3. og 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnað og felur í sér að ráðherra verði heimilt að setja reglugerð um hvaða raf- og rafeindabúnaður er undanþeginn ákvæðum laganna vegna sérstakra aðstæðna. Er hér t.d. átt við glóþráðarperur, búnað sem ætlaður er til sendingar út í geim, stór, föst iðnaðartæki, farartæki til farþega- eða vöruflutninga, færanlegan vélbúnað til nota utan vega í atvinnuskyni, búnað sem sérstaklega er hannaður fyrir rannsóknir og þróunarstarfsemi eingöngu og lækningatæki. Í öðru lagi er lagt til að j-liður bætist við 53. gr. laganna til að hægt verði að innleiða VI. viðauka tilskipunar 2012/19/ESB með reglugerð ráðherra.

## Um 14. gr.

Lagðar eru til nauðsynlegar breytingar á 56. gr. laga um meðhöndlun úrgangs þannig að skylda til skráningar spilliefna leggst ekki eingöngu á handhafa spilliefna heldur einnig á seljendur og miðlara úrgangs í þeim tilfellum sem þessir aðilar koma að spilliefnum. Breytingin er nauðsynleg því að skilgreining seljanda og miðlara úrgangs tekur einnig til fyrirtækja sem taka ekki úrganginn í vörslu sína í reynd og gætu því ekki talist handhafar spilliefna eins og 1. mgr. 56. gr. kveður á um. Breytingin er í samræmi við 35. gr. rammatilskipunar 2008/98/EB um úrgang.

## Um 15. gr.

Hér er lagt til að nýjum kafla um endurvinnslu skipa verði bætt við lög um meðhöndlun úrgangs. Í kaflanum verða tvö ný ákvæði. Í fyrsta lagi ákvæði um að Umhverfisstofnun veiti starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla skipa stærri en 500 brúttótonn og að stofnunin samþykki endurvinnsluáætlun fyrir hvert skip áður en endurvinnsla þessa hefst. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skulu veita starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla minni skipa, sbr. þó gildistökuákvæði. Í öðru lagi ákvæði um reglugerðarheimildir ráðherra um efnið. Einnig er gert ráð fyrir að ráðherra aðlagi gjaldskrá Umhverfisstofnunar að þessu nýja verkefni og tekið verði gjald fyrir veitingu starfsleyfa vegna starfsemi þar sem endurvinnsla skipa fer fram og samþykki endurvinnsluáætlana hvers skips. Með ákvæðinu er verið að undirbúa innleiðingu reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa og þá sérstaklega 7. og 14. gr. hennar. Gert er ráð fyrir að ESB-reglugerðin verði að öðru leyti innleidd með reglugerð ráðherra. Sérstaklega er kveðið á um í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar ESB um endurvinnslu skipa að starfsleyfi til skipaendurvinnslustöðva megi einungis gilda til fimm ára og er því kveðið á um það í 2. mgr. a-liðar 15. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt lið 9.14 í fylgiskjali 2 við reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, veita heilbrigðisnefndir sveitarfélaga starfsleyfi fyrir viðhaldi og niðurrifi skipa. Reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 gildir eingöngu um skip sem eru stærri en 500 brúttótonn og í frumvarpinu er lagt til að Umhverfisstofnun veiti starfsleyfi til skipaendurvinnslustöðva sem endurvinna skip yfir 500 brúttótonnum. Gert er ráð fyrir að heilbrigðisnefndir veiti starfsleyfi til starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla skipa undir 500 brúttótonnum og er það í samræmi við 9. gr. aðfaraorða framangreindrar reglugerðar ESB þar sem aðildarríki eru hvött til að samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skip sem eru undanskilin gildissviði reglugerðarinnar séu nýtt á viðeigandi hátt. Gjaldskrárheimildir heilbrigðisnefnda vegna þessara leyfa er að finna í 12. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þessi starfsleyfi heilbrigðisnefndanna verða þó eingöngu veitt til og með 31. desember 2018, sbr. gildistökuákvæði. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem fyrirhugað er að leggja fram samhliða þessu frumvarpi, er lagt til að Umhverfisstofnun skuli gefa út starfsleyfi og að ráðherra hafi heimild til kveða á um skráningarskyldu í stað starfsleyfis. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að einungis Umhverfisstofnun muni gefa út starfsleyfi frá og með 1. janúar 2019. Ljóst er að undirbúa þarf upptöku skráningarskyldu í stað starfsleyfa. Af þeim sökum er lagt til að óbreytt fyrirkomulag verði á útgáfu starfsleyfa til og með 31. desember 2018.

#### Um a-lið 17. gr.

Í frumvarpi þessu er lagt til að kærueimild til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála verði afmörkuð við stjórnvaldsáskvarðanir sem teknar eru á grundvelli laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim eða samþykktu sveitarfélaga og er orðalagi 67. gr. laganna breytt í þá veru.

#### Um 18. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir því að frumvarpi þessu er ætlað að innleiða tilskipun 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa. Ákvæði 6. tölul. er felld brott þar sem tilskipun 2003/108/EB um breytingu á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang er felld niður með tilskipun 2012/19/ESB.

#### Um 19. gr.

Hér er lögð til breyting á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, þannig að fyrir ál sé tekin umsýsluþóknun eins og fyrir aðrar umbúðir.

Samkvæmt 1. gr. laganna skal til viðbótar skilagjaldi taka umsýsluþóknun fyrir hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefni. Umsýsluþóknun er hugsuð sem viðbótargjald við skilagjald á þær drykkjarvöruumbúðir sem ekki bera sig fjárhagslega með tilliti til hlutdeildar í skilagjaldi og útflutningi. Umsýsluþóknun er því raun sú stærð sem hægt er að hreyfa ef útflutningsverð á umbúðum og hlutur í skilagjaldi breytast. Samkvæmt lögunum bera stál, gler og plastefni umsýslugjald en ekki ál. Væntanlega hefur verið litið svo á að ekki þyrfti að setja slíkt gjald á ál enda verðmæti áls meira en flestra annarra málma sem er safnað og hugsanlegt að ekki hafi verið gert ráð fyrir að skil á álumbúðum væru yfir 90%, eins og þau eru í dag. Álverð hefur verið sögulega lágt undanfarið og gengi krónunnar styrkst verulega. Því er komin upp sú staða hjá Endurvinnslunni hf. að tekjur vegna áls, þ.e. sala álumbúða, eru minni en kostnaður fyrirtækisins við meðhöndlun áls. Til að mæta því hefur umsýsluþóknun verið hækkuð á aðrar umbúðir en ál en slíkt verður að teljast óeðlilegt. Er því talið rétt að leggja til að umsýsluþóknun verði sett á álumbúðir en gjaldinu verði stillt í hóf, 0,20 kr. á hverjar álumbúðir. Það er vilji



Endurvinnslunnar hf. og ráðuneytisins að gjaldið taki mið af markaðsverði á áli á hverjum tíma auk þróunar gengis og skila á umbúðum til fyrirtækisins. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að umsýsluþóknun fyrir álumbúðir fari niður í 0 kr., og þá með breytingu á reglugerð, ef aðstæður á markaði breytast.

Rétt er að leggja áherslu á að eina breytingin sem gerð er á 4. másl. 1. mgr. 1. gr. laganna varðar töku umsýsluþóknunar fyrir álumbúðir. Skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 52/1989 getur ráðherra kveðið nánar á um upphæðir umsýsluþóknana í reglugerð. Þessa heimild hefur ráðherra nýtt sér, sbr. síðari breytingar á reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, og því gefa upphæðir umsýsluþóknana í 4. másl. 1. mgr. 1. gr. laganna í lagasafninu ekki rétt mynd af stöðu mála.

Ákvæði þetta var sent í tæknilegt tilkynningarferli í samræmi við ákvæði tilskipunar 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra reglna, sbr. einnig lög nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu. Engar athugasemdir bárust vegna tilkynningarinnar.

#### Um 20. gr.

Gert er ráð fyrir að frumvarp þetta, verði það að lögum, öðlist þegar gildi. Þó skal a-liður 4. gr. um öflun tölfraeðiupplýsinga eftir sveitarfélögum ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 2018 svo að aðilum gefist ráðrúm til að undirbúa framkvæmd ákvæðisins. Einnig er gert ráð fyrir að b-liður 7. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um að Umhverfisstofnun útbúi eftirlitsáætlanir vegna flutnings úrgangs á milli landa, taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2018 til að stofnunin hafi ráðrúm til að undirbúa verkefnið.

Um 2. mgr. ákvæðisins vísast til skýringa við 15. gr. frumvarpsins.